

Fimmtudaginn 28. mars 1996.

Nr. 100/1994.

**Hf. Eimskipafélag Íslands**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

**H. H. Leasing & Finans A/S**

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

Farmsamningur. Haldsréttur. Fjármögnunarleiga.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í hér- aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þar sem viður- kenndur var eignarréttur hans að „bankareikningi í Íslandsbanka hf., útibúi nr. 513, nefndur Sparileið 2, nr. 201307, og innstæðu á honum, sem 31. 12. 1992 var kr. 2.704.364,45“, og var áfrýjanda gert að afhenda stefnda stofnskírteini bankareikningsins innan 15 daga frá uppkvaðningu dómsins að viðlögðum 10.000 króna dagsektum frá þeim degi til afhendingar. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk þess málskostnaðar, sem honum var dæmdur í hér- aði.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal flutningssamningur frá 31. mars 1987 milli áfrýjanda og fyrirtækisins Icedan of Denmark I/S.

### **I.**

Með fyrrgreindum samningi tók áfrýjandi að sér að flytja ferskan fisk frá Suðureyri í Súgandafirði um Ísafjörð og Reykjavík til Ár- ósa. Frá Ísafirði skyldi farmurinn fluttur með skipum, sem áfrýjandi hafði í vikulegum áætlanarferðum milli Ísafjarðar og Reykjavíkur annars vegar og Reykjavíkur og Árósa hins vegar.

Þau 240 ker, sem mál þetta er risið af, voru ásamt fleiri slíkum kerum notuð til fiskflutninganna. Búið var um fiskinn í kerunum,

en þeim var síðan komið fyrir í vörugámum, sem fiskfarmarnir voru fluttir í. Samningurinn gildi frá 1. apríl til 31. desember 1987, og fóru fiskflutningarnir allir fram innan þess tímabils. Stefndi átti fiskkerin, og veitti hann Icedan of Denmark I/S og Lárusi Þorvarðarsyni afnotarétt af þeim og 288 sams konar kerum með fjármögnunarleigusamningi, sem tók gildi 15. maí 1987.

Svo sem greinir í héraðsdómi, keypti stefndi fiskkerin hjá Norm-X hf. í Garðabæ. Voru 480 þeirra flutt með skipum áfrýjanda frá Reykjavík til Ísafjarðar, áður en flutningssamningurinn frá 31. mars 1987 kom til framkvæmda. Sá samningur tók ekki til þessa flutnings.

## II.

Kröfur þær, sem áfrýjandi telur, að tryggðar hafi verið með haldsrétti í fiskkerunum, eru annars vegar farmgjöld með vöxtum og kostnaði við affermingu og vörugjöld, samtals að fjárhæð 2.296.302 krónur, og hins vegar kostnaður við geymslu keranna í Reykjavík á tímabilinu frá 4. nóvember 1987 þar til í september 1989, samtals að fjárhæð 2.098.089 krónur.

Ekki liggur fyrir fullnægjandi sundurliðun á fyrrnefndu fjárhæðinni, en af reikningum og afritum af farmskírteinum verður að leggja til grundvallar, að í henni felist eftirfarandi auk vaxta og sölu-skatts: Í fyrsta lagi eru farmgjöld og annar flutningskostnaður vegna flutnings á 480 nýjum kerum frá Reykjavík til Ísafjarðar samkvæmt níu farmskírteinum, út gefnum í Reykjavík á tímabilinu frá 28. apríl til 30. júní 1987. Í öðru lagi er kostnaður af flutningi samtals 390 kera með fiski frá Ísafirði til Reykjavíkur og síðan til Árósa samkvæmt sjö farmskírteinum, út gefnum á tímabilinu frá 23. júlí til 3. september 1987. Í þriðja og síðasta lagi eru farmgjöld vegna flutnings innan Vestfjarða í ágúst og september 1987 auk kostnaðar, sem áfrýjandi hafði af því á Ísafirði að koma tónum kerum í skip, sem flutti þau til Reykjavíkur.

Reikningur fyrir geymslukostnað liggur ekki fyrir, en áfrýjandi hefur lagt fram skjal með útreikningi á þeim kostnaði.

Lögmaður áfrýjanda skýrði svo frá hér fyrir dómi, að innifalið í farmgjaldi vegna fisksins, sem fluttur var í kerunum frá Ísafirði til Árósa á tímabilinu frá 23. júlí til 3. september 1987, hafi ekki aðeins

verið endurgjald fyrir flutning farmsins frá Íslandi, heldur einnig fyrir flutning keranna sjálfra til Íslands, eftir að fiskurinn hafði verið losaður úr þeim í Danmörku. Í kröfum áfrýjanda eru því engir sérstakir liðir vegna heimflutnings tómra kera.

### III.

Með vísun til röksemda héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða hans, að fiskkerin teljist til farms í skilningi siglingalaga nr. 34/1985 og eignarréttur stefnda girði ekki fyrir það, að þau geti lotið haldsrétti áfrýjanda vegna ógreiddra farmgjalda og annarra krafna, sem viðtakanda farms ber að greiða, sbr. 62. gr. og 63. gr. laganna.

Telja verður ljóst, að áfrýjandi hafi afhent viðtakanda á Ísafirði þau ker, sem hann flutti ný frá Reykjavík á tímabilinu frá 28. apríl til 30. júní 1987. Með því féll niður haldsréttur áfrýjanda til tryggingar gjöldum, sem hann átti rétt á eftir samningi eða samningum um þann flutning.

Áfrýjanda hefur ekki tekist að færa sönnur að því, að sá farmur, sem um er deilt í málinu, hafi ekki farið úr vörslum hans milli ferða. Af því leiðir, að haldsréttur hans nær ekki til annarra ferða en hinnar síðustu, sem lauk á Ísafirði í september 1987, en í henni voru samkvæmt farmskírteini 3. september 1987 flutt 30 fiskker. Þau 240 fiskker, sem áfrýjandi hefur lýst haldsrétti í, voru send frá Ísafirði til Reykjavíkur í september og nóvember sama ár til geymslu hjá áfrýjanda. Á það verður ekki fallist, að flutningur á tónum kerum frá Ísafirði til Reykjavíkur í því skyni að geyma kerin þar geti tilheyrt síðustu ferðinni í skilningi flutningssamningsins.

Samkvæmt 62. gr., sbr. 63. gr. siglingalaga og ákvæðum 12. og 13. gr. í áðurnefndu farmskírteini, getur haldsréttur áfrýjanda jafnframt náð til þess kostnaðar, sem óhjákvæmilega leiðir af geymslu fiskkeranna vegna haldsréttarins.

### IV.

Ógreitt farmgjald og önnur flutningsgjöld vegna síðustu ferðarinnar, eins og hún er skýrgreind að framan, nema samkvæmt reikningi áfrýjanda á grundvelli farmskírteinisins frá 3. september 1987 samtals 91.944 krónum. Önnur gögn í málinu varpa ekki ljósi á það, að um frekari skuld vegna þessa tiltekna flutnings geti verið að

ræða. Geymslukostnaður vegna þeirra 30 kera, sem þá voru flutt, þykir hæfilega metinn 100.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu verður talið, að áfrýjandi hafi notið haldsréttar í hinum umdeilda farmi vegna skuldar stefnda, samtals að fjárhæð 191.944 krónur. Skilja verður kröfugerð áfrýjanda svo, að hann krefjist viðurkenningar á eignarrétti að innstæðu á bankareikningnum í Íslandsbanka hf. að því marki, sem haldsréttur hans verður talinn hafa verið fyrir hendi. Verður stefnda gert að greiða honum þessa fjárhæð af reikningnum, en áfrýjandi hefur ekki gert sérstakar vaxtakröfur í málinu.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að innstæða á bankareikningnum hafi 29. desember 1995 verið 2.984.330 krónur með vöxtum.

#### V.

Niðurstaða málsins er því sú, að viðurkenna ber eignarrétt stefnda að þeirri fjárhæð, sem er á umræddum bankareikningi, að frádregnum 191.944 krónum, sem hann skal greiða áfrýjanda. Áfrýjandi varðveitir stofnskírteini bankareikningsins, og verður hann jafnframt dæmdur til að afhenda stefnda það. Á dagsektakröfu stefnda verður hins vegar ekki fallist, en fyrir liggur samkomulag aðila um ráðstöfun innstæðunnar að fengnum úrslitum í málinu.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda hluta málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnda, H. H. Leasing & Finans A/S, á innstæðu á bankareikningi nr. 201307 í Íslandsbanka hf., útibúi nr. 513, að frádregnum 191.944 krónum, sem honum ber að greiða áfrýjanda, Hf. Eimskipafélagi Íslands.

Áfrýjandi skal afhenda stefnda stofnskírteini bankareikningsins.

Áfrýjandi skal greiða stefnda 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1994.**

## I.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 27. janúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af H. H. Leasing & Finans A/S, Kai Lindbergs-gade 47, 7730 Hanstholm, Danmörku, með stefnu, birtri 20. janúar 1993, á hendur Hf. Eimskipafélagi Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda að bankareikningi í Íslandsbanka hf., útibúi nr. 513, sem nefndur sé Sparileið 2, nr. 201307, og innstæðu á honum, sem var 31. 12. 1992 2.704.364,45 kr.
2. Að stefndi verði dæmdur til að afhenda stefnanda stofnskírteini vegna framangreinds bankareiknings innan 15 daga frá uppkvaðningu dóms í málinu að viðlögðum dagsektum, 10.000 kr. fyrir hvern dag, sem líður frá þeim degi til þess dags, er afhending fer fram.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

## II.

*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að með kaupsamningi, dags. 31. mars 1987, hafi stefnandi keypt 528 fiskkör af Norm-X hf., sem hafi þá haft starfsstöð að Suðurhrauni 1, Garðabæ. Kaupverð hafi verið DKK 725.000, og hafi stefnandi haft í hyggju að selja fiskkörin á fjármögnunarleigu.

Með samningi, sem tók gildi 15. maí 1987, milli stefnanda og danska sam eignarfélagsins Icedan of Denmark I/S og Lárusar Þorvarðarsonar, Gyvelvængel 265, Hanstholm, hafi stefnandi selt fiskkörin 528 á fjármögnunarleigu. Skyldi leigutíminn vera 36 mánuðir og hinir leigðu hlutir teljast eign stefnanda á þeim tíma. Skyldu leigutakar greiða mánaðarlega leigu framan greindan tíma, og hafi leigufjárhæðin verið tilgreind í samningnum. Sérstaklega hafi verið tekið fram í tl. 13 í fjármögnunarleigusamningnum, að H. H. Leasing (& Finans A/S) væri eigandi munanna og leigutaki myndi ekki með samningnum öðlast neins konar eignarrétt að þeim. Tekið hafi verið fram, að leigutaka væri óheimilt að framleigja, lána eða heimila þriðja manni neins konar ráðstöfunarrétt að leigumununum. Ekki hafi honum heldur verið heimilað að stofna til annars konar óbeinna eignarréttinda þriðja aðila yfir þeim. Leigutaki skyldi hvorki öðlast forkaupsrétt né kauprétt til leigumunanna að leigutíma loknum.

Fiskkörin hafi verið notuð sem flát undir fisk, sem stefndi í máli þessu eða aðrir flutningsaðilar á hans vegum hafi flutt fyrir Sjávarútvegsþjónustu Valdimars Þorvarðarsonar, Laugavegi 147 A, Reykjavík.

Ekki sé fullkomlega ljóst, hversu margar ferðir hafi verið farnar, en fyrir liggja, að vanskil urðu fljótlega á greiðslu farmgjalds, auk þess sem ágreiningur hafi risið um bótaskyldu stefnda vegna skemmda, sem urðu á fiski í flutningi hjá honum. Þær ferðir, sem farmgjaldaskuldin virðist stafa af, hafi verið farnar síðari hluta árs 1987. Sýnist hafa verið um að ræða a. m. k. fjórar ferðir frá Reykjavík til Árósa og tvær ferðir þaðan til Reykjavíkur. Að auki sé um að ræða allmargar ferðir eða hluta ferða frá Reykjavík til Ísafjarðar. Eins og fyrr sé vikið að, virðist eigandi þess fisks, sem sendur hafi verið, hafa verið Sjávarútvegsþjónusta Valdimars Þorvarðarsonar, en seljandi hafi verið Kögurás hf. Icedan of Denmark I/S sýnist hafa verið kaupandi.

Hafi stefndi haldið eftir 240 fiskkörum vegna vangoldinna farmgjalda, en á sama tíma hafi farmseigendur gert kröfur á hendur stefnda um skaðabætur vegna skemmda á fiskinum, á meðan hann var í vörslum stefnda. Hafi aðilar margreynt árið 1988 að ná samkomulagi um þennan ágreining án árangurs, en stefnandi máls þessa hafi ekki verið aðili að þeim samkomulagstilraunum. Hafi stefndi enn haldið 240 fiskkörum án þess að tilkynna það stefnanda. Samningar hafi ekki tekist, og það sé ekki fyrr en 5. apríl 1989, sem stefndi tilkynni stefnanda, að ekki hafi tekist að ná samningum um lausn málsins, og því sé nauðsynlegt að krefjast uppboðs á fiskkörum. Hafi bréf þetta verið ítrekað 13. apríl 1989 og þá tilgreindar tölulegar kröfur stefnda, sem hann hafi neytt haldsréttar til tryggingar greiðslu á.

Bréfaskipti hafi orðið í framhaldi af þessu, en 20. júní 1989 hafi stefnandi krafist innsetningar í fiskkörin, sem hafi verið í vörslum stefnda. Þeirri kröfu hafi verið hafnað með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 20. október 1989. Úrskurðinum hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar. Meðan á rekstri hæstaréttarmálsins stóð, hafi aðilar náð samkomulagi um að selja fiskkörin þriðja aðila, en áfram hafi verið ágreiningur um það, hver ætti rétt til andvirðis fiskkaranna. Salan hafi farið fram í þágu hagsmuna beggja aðila, enda hafi fiskkörin tekið mikið pláss í vörugeymslum stefnda.

Andvirði fiskkaranna hafi verið lagt inn á bankareikning í Íslandsbanka, Sparileið 2, nr. 201307, á nafni Málflutningsskrifstofu Ragnars Aðalsteins-sonar o. fl., en stofnskírteinið sé hins vegar í vörslum stefnda eða umboðsmanns hans.

Hæstiréttur hafi dæmt í máli aðila 8. september 1992 og vísað málinu frá. Hafi rétturinn rökstutt þá afstöðu sína með því, að búið væri að ráðstafa

andlagi kröfu sóknaraðila í hæstaréttarmálinu, og því hafi hann talið brostnar lagaforsendur fyrir rekstri málsins.

#### *Málsástæður stefnanda.*

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi átt hinn beina eignarrétt að fiskkörungum, og sé það reyndar óumdeilt. Stefnandi telur, að ætlaður haldsréttur stefnda verði að víkja fyrir eldri beinum eignarréttindum þriðja manns, einkum þar sem haldsrétturinn grundvallist á farmgjaldskröfum og kröfum um geymslugjald.

Stefnandi kveðst leggja áherslu á, að farmgjaldskröfur stefnda séu vegna margra ferða, og hafi farmurinn fyrir hverja ferð ævinlega verið afhentur viðtakanda. Það telji stefnandi leiða til þess, að stefndi hafi glatað hugsanlegum haldsrétti sínum, þ. e., hafi honum einhvern tíma verið til að dreifa, sem stefnandi telji þó ekki hafa verið. Af framangreindum ástæðum telji stefnandi, að stefndi geti ekki vísað til haldsréttar nema í mesta lagi vegna farmgjalds síðustu ferðarinnar, en það hafi stefndi aldrei sérgreint.

Stefnandi telur, að ekki sé heimilt af hálfu stefnda að beita haldsrétti fyrir geymslugjaldinu, einkum í ljósi þess, hvernig vörslurnar séu til komnar, og leggur stefnandi áherslu á í því efni, að vörslurnar séu hvorki til komnar vegna björgunaraðgerða né hafi verið um verðmætisaukningu að ræða, og vörslurnar séu ekki til komnar vegna hagsmuna stefnanda eða í þágu þeirra.

Stefnandi heldur því fram, að reglur um haldsrétt í farmi skv. 63. gr. siglingalaga nr. 34/1985 eigi ekki við hér, enda víki haldsrétturinn fyrir eldri eignarrétti stefnanda, einkum þegar farmurinn hafi verið afhentur.

Þá telur stefnandi, að stefndi hafi ekki getað af öðrum ástæðum synjað um afhendingu á fiskkörungum. Þetta leiði af reglum eignarréttar. Stefnandi reisir kröfu sína um málskostnað á XXI. kafla l. nr. 91/1991.

#### *Málavaxtalýsing stefnda.*

Ekki er ágreiningur með aðilum um málavexti, en til viðbótar málavaxtalýsingu stefnanda lýsir stefndi notkun karanna þannig, að Icedan og Lárus Þorvarðarson hafi notað körin undir fiskflutninga frá Íslandi til Danmerkur, en stefndi tekið að sér flutningana. Hafi það farið fram á þann hátt, að Eimskipafélag Íslands tók við gámum á Suðureyri við Súgandafjörð, sem í voru plastkór þau, sem um ræðir í málinu, og hafi fiskurinn verið ísaður í þau. Þau hafi síðan verið tæmd í Árhús í Danmörku og stefndi flutt körin tóm í gámunum aftur til baka. 240 kór hafi síðan orðið eftir í vöruskemmum stefnda, eftir að þau komu tóm hingað til lands. Hafi ógreidd farmgjöld vegna flutningsins með dráttarvöxtum og kostnaði numið samtals 2.098.089 kr., sbr. dskj. nr. 18. Þegar farmgjaldið og geymslugjaldið fékkst ekki greitt,

hafi stefndi ákveðið að beita ákvæðum siglingalaga um haldsrétt í farmi til tryggingar ógreiddum farmgjöldum og geymslukostnaði og selja körin á uppboði til lúkningar skuldinni, sbr. 66. gr. siglingalaga. Sé þess getið í stefnu, að 5. apríl 1989 hafi stefndi tilkynnt stefnanda, að þar sem samningar hafi ekki náðst um lausn málsins, hafi verið nauðsynlegt að krefjast uppboðs á fiskkörungum.

#### *Málsástæður stefnda.*

Stefndi rökstyður kröfur sína með því, að samkvæmt 1. mgr. 63. gr. 1. nr. 34/1985 hafi sér sem farmflytjanda verið óskytt að láta farminn af hendi, fyrr en farmgjöld væru greidd. Þá bendir stefndi á, að samkvæmt 3. tl. 204. gr. siglingalaga séu kröfur til farmgjalds eða bóta fyrir missi farmgjalds tryggðar með sjóveðsrétti í farminum. Samkvæmt 62. gr. siglingalaga skuldbindi viðtakandi farms sig til að greiða farmgjöld og aðrar kröfur, sem farmflytjandi geti krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali, sem segi fyrir um flutning farmsins.

Siglingalög setji mjög strangar kröfur um ábyrgð farmflytjanda á farmi, þar sem honum í 68. grein sé gert að bæta allt tjón, sem á farmi verði, meðan hann sé í vörslu farmflytjanda, nema hann sanni, að hvorki hann né neinn maður, sem hann beri ábyrgð á, eigi sök á tjóninu. Undir flestum kringumstæðum sé þessi sönnunarbyrði, sem lögð sé á farmflytjanda, honum mjög erfið. Það sé því alveg í samræmi við þessar ströngu kröfur, að honum sé veitt sérstök heimild í lögnum til að halda eftir farmi eða hluta farms til tryggingar þeim greiðslum, sem hann taki fyrir farmflutningana og geymslu farms. Á það skuli einnig minnt, að í flestum tilvikum hafi farmflytjandi enga hugmynd um eignarrétt á þeirri vöru, sem hann flytji. Í farmskírteinum komi aðeins fram, hver sé farmsendandi og hver viðtakandi, en svo sem kunnugt sé, geti farmskírteinin gengið kaupum og sölum. Sé farmflytjandi skyldugur að afhenda hverjum þeim, sem framvísi farmskírteini, þær vörur, sem fluttar hafi verið samkvæmt því. Hinn lögbundni haldsréttur 63. greinar siglingalaga sé því annars eðlis en hinn almenni haldsréttur, sem byggist á viðgerð eða endurbótum ákveðinna eigna.

Enginn vafi sé á því, að plastkór þau, sem stefndi telji sig eiga haldsrétt í, séu hluti farmsins. Plastkörin hafa verið flutt í gámum full af fiski til Danmerkur, þar sem plastkassarnir hafa verið tæmdir, settir aftur í sömu gámana og fluttir heim á nýjan leik.

Stefndi hafi þannig tekið að sér flutning á gámum og þar með öllu því, sem í gámunum var, hvort sem það hafi verið fiskur í plastkörum eða frá honum gengið á annan hátt. Afhending þess hluta farmsins skerði ekki á neinn hátt haldsrétt á þeim hluta farmsins, sem ekki sé afhentur. Einnig

skuli á það bent, að farmgjaldið sé miðað við þyngd eða rúmmál, og það sé mun hærra, þegar verulegur hluti farms sé fluttur fram og til baka.

Það sé þannig alveg ljóst, að stefnandi málsins, sem hafi vitað, í hvaða tilgangi hafi átt að nota fiskkörin, sem hann telji sig eiganda að, hafi tekið þá áhættu, að sjóveð eða haldsréttur kynni að stofnast í þeim, þannig, að samningur gerðarbeiðanda og leigutaka fiskkaranna skipti þar engu máli. Eigandi skips, sem leigi það annarri útgerð, verði að sætta sig við, að sjóveð geti fallið á skipið, t. d. ef viðkomandi leigutaki greiði ekki áhöfninni umsamið kaup. Um það atriði hafi gengið fjöldi dóma. Sú deila, sem hér um ræði, sé alveg sambærileg. Farmflytjandi hafi bæði haldsrétt og sjóveð í farmi, ef flutningsgjaldið greiðist ekki eða aðrar kröfur, sem á vöru hvíli (63. gr. sigl.).

Í máli þessu sé hvorki deilt um fjárhæð né vexti. Um það hafi verið samið, sbr. dskj. nr. 27. Eingöngu sé deilt um það, hvor aðila eigi rétt á andvirði fiskkaranna, þ. e. því fé, sem í bankabókinni sé. Upphaflega hafi hugmyndin verið sú, að kaupandi karanna gæfi út skuldabréf fyrir kaupverðinu, svo sem fram komi í dskj. nr. 25. Á það hafi ekki reynt, þar sem söluverðið hafi verið lagt inn á bankabók, sbr. dskj. nr. 28 og 29.

Dómkröfur beggja aðila miðist því við það, að hvor um sig telji sig eiga rétt á andvirðinu.

Mótmælt er þeirri túlkun stefnanda, að haldsréttur sé aðeins bundinn við ákveðna ferð. Í þessu tilviki hafi sama vara verið flutt margar ferðir, þ. e. 240 fiskkör, auk þess sem geymslukostnaðurinn einn sé hærri en söluverð fiskkaranna, en sá kostnaður falli beinum orðum undir 63. gr. siglingalaga.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að fiskkörin væru hluti af farmi og hefðu aldrei farið úr vörslum stefnda. Málsástaðu þessari var mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni, en til vara sem rangri. Körin hafi verið afhent farmsendanda, Kögurási, en starfsmenn þess fyrirtækis hafi fyllt þau af fiski. Síðan hafi þau verið afhent aftur viðtakanda farmsins í Árhús, sem hafi tæmt þau. Þannig hafi þau farið úr vörslum farmflytjanda.

### III.

#### *Niðurstaða.*

Óumdeilt er, að stefnandi var eigandi karanna, sem seld voru. Þá er ekki ágreiningur um málavexti að öðru leyti.

Umdeild kör voru notuð til flutninga undir fisk til Danmerkur og síðan flutt tóm til baka. Fiskkörin voru þannig farmur í skilningi siglingalaga nr. 34/1985. Samkvæmt 63. gr., sbr. 62. gr. þeirra laga, er farmflytjanda heimilt að halda eftir farmi, þar til farmflytjandi hefur fengið greitt farmgjald og

aðrar kröfur, sem farmflytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali, sem segir fyrir um flutning farmsins. Stefnda var þannig rétt að halda eftir körunum til tryggingar vangoldnum flutningsgjöldum, og hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að eignarréttur hans gangi framur lögbundnum haldsrétti stefnda, en lögin setja engan fyrirvara um eignaraðild að farmi. Hins vegar verður ekki fallist á, að haldsréttur stefnda skv. 63. gr., sbr. 62. gr. l. nr. 34/1985, nái til annarra ógreiddra flutningsgjalda en þeirra, sem á féllu vegna síðasta flutnings, jafnvel þótt um hafi verið að ræða að nokkru leyti sömu vöru, sem flutt var fram og til baka, enda er ósannað gegn andmælum stefnanda, að körin hafi ekki farið úr vörslum stefnda milli ferða.

Af hálfu stefnda hefur engin grein verið gerð fyrir því, hver skuld farmsendanda var vegna síðasta flutnings, sem haldsréttur stefnda nær til. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á það á annan hátt, að hann eigi tilkall til þeirrar heildarfjárhæðar, sem fékkst með sölu karanna. Sönnunarbyrðin um þetta atriði hvílir á stefnda, enda var stefnandi ekki aðili að farmsamningi stefnda og farmsendanda, og liggur ekki fyrir í málinu, að hann geti borið um þann samning. Ber því að hafna sýknukröfu stefnda og taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, en ágreiningur er ekki um fjárhæðir, hvorki vegna innstæðu á reikningi né heldur hefur verið andmælt sérstaklega kröfu stefnanda um dagsektir skv. 2. tl. dómkröfu stefnanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 kr.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, H. H. Leasing & Finans A/S, Kai Lindbergsgade 47, 7730 Hanstholm, Danmörku, að bankareikningi í Íslandsbanka hf., útibúi nr. 513, nefndur Sparileið 2, nr. 201307, og innstæðu á honum, sem var 31. 12. 1992 2.704.364,45 kr.

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík, skal afhenda stefnanda, H. H. Leasing & Finans A/S, stofnskírteini vegna framangreinds bankareiknings innan 15 daga frá uppkvaðningu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, 10.000 kr. fyrir hvern dag, sem líður frá þeim degi til þess dags, er afhending fer fram.

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, H. H. Leasing & Finans A/S, 450.000 kr. í málskostnað.